

Apríl

Pési

171 tbl. 14. Árgangur apríl. 2004
Útgefandi Hrunamannahreppur.
Ritstj. Ísólfr Gylfi Pálmason
Sími:486-6617
E-mail hruni@sudurland.is
og hruni@mmedia.is

Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410

Í maí kemur Pésinn út föstud. 14.maí

Skilafrestur á efni er til 10. maí.

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Miðvikudaginn 21. apríl nk., síðasta vetrardag verður síðasta opna hús vetrarins og þá eins og venjulega í Félagsheimilinu í boði kvenfélagsins og hefst klukkan 14:00. Gestir okkar verða að þessu sinni eldri borgarar úr Bláskógabyggð. Allir félagar velkomnir og aðrir 60 ára og eldri. En dagana 14,15 og 16. júní verður sumarferðin okkar farin og í þetta sinn austur á Hornafjörð. Okkur hafa borist góð tilboð frá Eddu hótelum en við þurfum að fá þátttökutilkynningar fyrir 10. maí. Þetta verður svo nánar auglýst í næsta Pésa. Við vonumst eftir góðri þátttöku bæði í opna húsið og ferðina.

Kær kveðja.

Arndís sími 486-6654

Guðrún sími 486-6735

Loftur sími 486-6715

mánud- föstud. kl. 16.00
Nánari upplýsingar Jón. Unnar
Guðmundsson
Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.

VIOLA - snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbæ

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferðir

Tímappantanir í síma 566-8342

og 897-3741(Hlíf)

VÖNDULL ehf.-

FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir REYKJAVÍK –

FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk.,

AÐALFLUTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík:

Seinna punkta - mót Smára
verður haldið laugardaginn 17. apríl
í Torfdal á Flúðum kl. 13:30
Stjórnin

Hótel Flúðir
Sumarvinna.
Vantar starfsfólk í herbergjaprif.

Upplýsingar gefur Margrét í
síma 486-6630

ATVINNA

Okkur bráðvantar röskan
og áreiðanlegan starfsmann strax.
Upplýsingar hiá Gunnari í síma 896-6098

Til sölu / Óskast keypt

Óskum eftir því að fá gamla en nothæfa Nilfisk ryksugu
fyrir sáningarvélina okkar. Erum einnig með til sölu
sporöskjulaga eldhúsborð, 180 cm á lengd og 100 cm á
breidd með tveimur T-stálfótum. Einungis 8 mánaða
notkun. Tilboð óskast.

Olga og Eiríkur
Sími: 486-6754
GSM: 896-6754

Frá Íþróttahúsinu á Flúðum

Opnunartími í tækjasal:

Mánudaga til fimmtudaga	15:30-22:00
Föstudaga	13:00-21:00
Laugardaga	LOKAÐ
Sunnudaga	14:00-21:00

Heimaland

Læknir verður til viðtals
í "Kjallaranum" kl 14:00 fyrsta
fimmtudag hvers mánaðar eins og
verið hefur undanfarna vetur.

Frá sundlauginni á Flúðum

Opnunartími:

Mánudaga til fimmtudaga	18:00-22:00
Föstudaga	17:00-21:30
Laugadaga og sunnudaga	13:00-18:00

Mánudaga	20:00-21:00
Þriðjudaga	16:00-18:00.
Miðvikudaga	16:00-18:00
Fimmtudaga	16:00-18:00.



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana

16. apríl ,30.apríl
og 14. maí

Pantið tímanlega.

Tímarpantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.

Hárgreiðslustofan í Árnosi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

Flytjandi
- á réttri leið

Flytjandi
- á réttri leið

FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

Ferðaáætlun

Þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga

Frá: Vöruflutningamiðstöðinni

Klettagörðum 15, kl: 15:00

Frá Selfossi kl: 16:00

Annast einnig flutning á áburði og skeljasandi

Pálmár: 892-2370

Bílstjóri: 892-2371

Heimasími: 486-6685

Fax: 486-6693

Netfang: fludal@hvippinn.is

Kjaftaklúbburinn Hrunamannahreppur.

Hver eru fyrstu viðbrögð okkar Hrunamanna (eða allavega sumra okkar) þegar eitthvað fer miður hér í hreppnum? Jú, fyrstu viðbrögð eru að finna einhvern blóraböggul sem hægt er að skella skuldinni á, því að ekki er það hægt að láta kyrrt liggja og sætta sig við orðinn hlut.

Ég, ásamt mörgum öðrum hér í sveit, er orðinn langsamlega þreyttur á því að alltaf þurfi að kenna einhverjum um ef eitthvað gerist hér í sveitinni, því oftast eru það sami einstaklingur eða einstaklingar sem fá að kenna á gróusögnum, hvað sem gerist.

Mér þykir miður að búa í samfélagi sem er svo gegnsýrt af kjaftasögum og viðbjóði að maður veit ekki hvaðan á mann stendur veðrið!

Hvaða ánægju hefur fólk af því að ljúga upp á aðra og svarta mannorð þeirra? Hvaða ánægju hefur fólk af því að láta öðrum líða illa? Hvaða ánægju hefur fólk af því að segja kjaftasögur sem verða til þess að einstaklingarnir sem sögurnar eru um fá ekki lengur vinnu? Svo miklar og ógeðfelldar eru kjaftasögurnar að mér verður hreinlega illt!

Sumir eru duglegri en aðrir að búa til sögurnar og fara svo og koma sér fyrir í heita pottinum niðri í sundlaug, sem einhverra hluta vegna virðist vera uppspretta kjaftasaganna því þær þrífast og lifa góðu lífi þar, og býr til og segir þessar viðurstygglegu lygasögur sem ekki einu sinni Gróa á Leiti myndi ekki taka trúanlegar! Taki þeir til sín sem eiga.

Mér finnst að þeir sem hafa gaman af því að rægja aðra og koma óorði á saklaust fólk, eigi nú að reyna að ímynda sér hvernig þeim líði ef einhverjar ógeðfelldar sögusagnir færu á kreik um sig, ef þeir vissu hvers konar óþægindi og jafnvel kvalir þeir þyrftu að ganga í gegn um ef sögur færu af stað um þá myndu þeir eflaust hugsa sig tvisvar um áður en þeir segðu sögur um aðra.

Íbúar Hrunamannahrepps, strengjum þess heit á nýju ári að hætta að breiða út kjaftasögum um aðra og horfum björtum augum fram á veginn í samfélagi sem einkennist af samkennd, ekki leiðindum og biturð.

Í leiðinni vil ég óska öllum sveitungum mínum gleði og hamingju ár nýju ári.

Bjarki Eiríksson
Silfurtúni.

Ágætu sveitungar!

Öllum sem glöddu mig á afmælisdag minn með heimsókn, kveðjum og gjöfum vil ég þakka af alhug.

*Kveðja,
Ísólfur Gylfi Pálmason*

Kæru sveitungar:

Ég hef ákveðið að hætta í bankanum, enda búin að vera í hart nær þrjátíu ár og finnst ykkur trúlega komið nóg eins og mér. Ég þakka ykkur fyrir samskiptin og veit að KB banki verður æfinlega besti bankinn.

Kveðja
Guðrífur Þórarinsdóttir

Tölvuviðgerðir

Eru vandræði með tölvuna? Hrýs þér hugur við kostnaðarsömum viðgerðum? Ég gæti kannski hjálpað þér. Hafðu samband áður en þú leitar lengra.

Sólmundur s. 821-2690

Pálmar: 892-2370

Bílstjóri: 892-2371

Heimasími: 486-6685

Fax: 486-6693

(fludal@hvippinn.is)



FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

Ferðaáætlun

Priðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga

Frá: Vöruflutningamiðstöðinni

Klettagörðum 15, kl: 15:00

Frá Selfossi kl: 16:00

ATHUGIÐ!

Annast einnig flutning á áburði og skeljasandi í allar sveitir Árnessýslu

(nánari upplýsingar gefur Pálmar í heima- og farsíma)



FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

Ferðaáætlun

Priðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga

Frá: Vöruflutningamiðstöðinni

Klettagörðum 15, kl: 15:00

Frá Selfossi kl: 16:00

Annast einnig flutning á áburði og skeljasandi

Pálmar: 892-2370

Bílstjóri: 892-2371

Heimasími: 486-6685

Fax: 486-6693

Netfang: fludal@hvippinn.is



Um er að ræða tvær gerðir.
Verð. (s-xxxL) kr. 6000
Verð. (116-176) kr 4560
Verð. 116-176) kr 3500
Fh. Ungmennafélagsins
Heimir málari

Páskamótið 2004

Frá Áhugafélagi um verndun sæluhúsa á afrétti Hrunamanna.

Fimmtudaginn 18. mars síðastliðinn kom saman hópur fólks eða 35 manns á Kaffi Seli, þegar stofnað var félag sem ber það stóra nafn Áhugafélag um verndun sæluhúsa á afrétti Hrunamanna. Eins og nafnið ber með sér er markmið félagsins að endurgera sæluhús á afrétti Hrunamanna, þ.e. í Svínárnesi, Fosslæk og grjótkofann í Leppistungum. Hugmyndin er að endurbyggja þessi hús í upprunalegri mynd þannig að þau nýtist bæði sem íverustaðir og sögulegar minjar. Mikill áhugi er á þessu verkefni eins og sést á þeim fjölda sem kom á fundinn og margir létu vita um þátttöku þótt þeir kæmust ekki þetta kvöld. Því er öllum sem áhuga hafa bent á að hafa samband við stjórnarmenn því hægt verður að gerast stofnfélagi út maímánuð.

Á fundinum var félaginu kosin stjórn sem í eru: Unnsteinn Hermannsson formaður, Hilmar Jóhannesson gjaldkeri, Jón Óli Einarsson ritari og varamenn eru Bjarni V. Guðmundsson, Eiríkur Kristófersson og Harri Kjartansson. Þá kom fram að mestur áhugi er á að byrja á Fosslækjarhúsinu ef fjármagn fæst, en unnið er að fjármögnun þessa verks þessa dagana. Áætlaður kostnaður er um 2,2 milljónir og ræðst tilhögun framkvæmda af því hvernig gengur að afla fjár, en það mun skýrast á næstu dögum.

Jón Óli Einarsson

Frá Ungmennafélaginu.

Á aðalfundi félagsins var samþykkt að ganga til viðræðu við fyrirtækið Namó ehf um kaup á nýjum íþróttagöllum.

Föstudaginn 23. apríl kl 13:00 verður Namó ehf í íþróttahúsinu með mátun og pöntun á nýju íþróttagöllum

Páskamót frjálsíþróttadeildarinnar var haldið þann 10. apríl eða daginn fyrir páskadag. Um það bil sextíu keppendur tóku þátt í kúluvarpi, hástökki, langstökki og þrístökki auk spretthlaups. Þó nokkrir áhorfendur mættu til að styðja við bakið á keppendum og sást til gamals Ólympíufara á meðal áhorfenda.

Það má með sanni segja að glæsileg afrek hafi verið unnin á mótinu en þau Bergþór Ingi Sigurðsson, sem nýlega varð Íslandsmeistari 12 ára stráka í kúluvarpi, og Elma Jóhannsdóttir unnu afrek mótsins, Bergþór í kúluvarpi stráka og kastaði hann 2 kg kúlunni 12,02 m og Elma í þrístökki þar sem hún stökk 6,00 m. Í verðlaun fengu þau verðlaunagrip auk páskaeggs sem Verslunin Strax gaf.

Í lok móts voru viðurkenningar veittar auk þess að Frjálsíþróttamaður U.M.F.H. 2003 var útnefndur af frjálsíþróttadeild. Var það Kjartan Sigurðsson sem varð fyrir valinu en hann vann á árinu sem leið Íslandsmeistaratitil í kúluvarpi og þrístökki innanhúss í flokki 14 ára stráka auk meistaratitils í kúluvarpi og langstökki utanhúss í sama flokki. Hann er vel að þessum titli kominn og er upprennandi íþróttastjarna framtíðarinnar og óskum við honum hjartanlega til hamingju með útnefninguna.

Fyrir hönd Frjálsíþróttadeildar U.M.F.H. þakka ég fyrir skemmtilegt og vel sótt páskamót og í leiðinni vil ég hvetja alla sem hafa áhuga að taka þátt í frjálsíþróttastarfinu í sumar. Héðan úr uppsveitum hafa komið nokkrir af sterkustu frjálsíþróttamönnum landsins sem keppt hafa á Ólympíuleikum og heimsmeistaramótum. Hér er fullt af ungu íþróttafólki með mjög mikla hæfileika sem þarf aðeins að virkja til þess að komast í fremstu röð.

F.h. frjálsíþróttadeildar,
Bjarki Eiríksson

Gerid góð kaup!

Borð og stólar frá gamla leikskólanum til sölu þar á staðnum mán.19-04 milli kl:16:00-18:00
Leikskólastjóri

Fréttir af 100. aðalfundi Nautgriparæktarfélags Hrunamanna.

Hann var haldinn mánudaginn 22. mars kl. 10.30 í Hótelinu á Flúðum.

Það helsta á fundinum sem kom fram:

100 ára afmælishátíð félagsins var haldin 1. nóvember 2003 og gefin út saga félagsins. Námskeið var haldið í kúadómum og vel heppnaður rabbfundur í janúar sl.

Þórunn í Bryðjuholti hætti í stjórn og í staðinn var kjörinn Páll í Núpstúni. Áfram eru Esther á Sóheimum og Jón Viðar í Dalbæ.

Meðalnyt árskúa í hreppnum 2003 var 5.534 kg. mjólk. Innlegg úr hreppnum í mjólkurbú Flóamanna var 4.534.993 kg mjólk og fjöldi innleggjenda nú er 29. Meðalinnlegg allra búanna var 140.639 kg af mjólk en meðalinnlegg bóa í skýrsluhaldi var 153.815 kg mjólk. Þátttaka í skýrsluhaldi m.v. innlegg var 83% og meðalnýting mjólkur var 91,9%.

Afurðahæsta bóúð 2003 var hjá Ragnari og Magnúsi í Birtingaholti 1 með 6.674 kg. Næst koma Túnsberg með 6.671 kg, Sólheimar með 6.546 kg og Foss með 6.492 kg. En alls eru 10 bú með yfir 6000 lítra á kú og 11 bú með yfir 5-6000 lítra.

Afurðahæstu kýrnar voru:

1. Búbót 287 frá Birtingaholti 1. Hún mjólkaði 9.761 og MFP var 831 kg.
2. Túrbó 212 frá Kotlaugum. Hún mjólkaði 9.352 og MFP var 766 kg.
3. Kæla 207 frá Fossi. Hún mjólkaði 8.490 og MFP var 752 kg.
4. Búbót 263 frá Berghyl. Hún mjólkaði 9.102 og MFP var 751 kg.

Búnaðarsamband Suðurlands veitir 16 af afurðahæstu búum Suðurlands verðlaun og voru fjögur þeirra í hreppnum: Annað afurðahæsta bóúð var Birtingaholt 1, það fimmta var Túnsberg, það 10 var Foss og það 11 var Sólheimar.

Þá veitti Nautgriparæktarfélagið einnig afurðahæsta búinu verðlaun, Birtingaholti 1 fyrir að vera með 6.674 kg mjólk á kú.

Þá fékk efnilegasta kvígan Huppuhornið en það var Sletta 142 Núpstúni (lágmarks byggingardómur verður að vera 83 stig) en Sletta var með samtals 293 stig..

Svo fékk afurðahæsta kýrin 2003 verðlaun en það var Búbót 287 frá Birtingaholti 1.

Þá voru veitt ný verðlaun sem fóru á Foss en það var valið ræktunarbú ársins og er það bú sem sem bætti sig um flest kg í verðefnum á árinu.

Þá var fjallað um nautin og settur er notkunarkvóti á tvö naut, þá Tein og Stíg, alls 3 skammtar úr hvorum á bú.

Esther Guðjónsdóttir ritari.

Fréttir frá Fimleikadeildinni.

Nú 2. apríl var haldið á Selfossi fyrsta HKS mót í fimleikum. Við fórum þangað með 2 hópa. Hóparnir stóðu sig að sjálfsögðu frábærlega vel og lenti T2 hópurinn í 3. sæti og T1 hópurinn í 4. sæti.

T2 hópurinn:

Alda Kristín Jóhannsdóttir
Guðbjörg Guðjónsdóttir
Auður Hanna Grímsdóttir
Hugrún Hjálmsdóttir
Hróðný Jónsdóttir
Úlfhéðinsdóttir
Kristín Eva Einarsdóttir
Fanney Margrét Eiríksdóttir
Bjarnadóttir
Ástrós Ýr Eggertsdóttir
Lovísa Daðadóttir
Einarsdóttir
Hafdís Ellertsdóttir
Jóhannsdóttir

T1 hópurinn:

Helga Hrönn Karlsdóttir
Elma Jóhannsdóttir
Heiðrún Kristmundsdóttir
Katrín Ólafsdóttir
Rakel Lind
Guðný Vilmundardóttir
Guðrún Edda
Arndís Ása Sigurðardóttir
Lovísa
Sandra Björk

Félag	Gólf	Dýna	Tramp	Samal
Hamar B-mix	4,25	5,45	6,2	15,9
Hamar T1	6,95	7	7,9	21,85
UMFH T1	6,3	6,4	6,4	19,1
UMFH T2	6,45	6,45	7	19,9
Selfoss D1	6,8	7,05	6,45	20,3
Selfoss D2	6,05	6,55	6,4	19

Við óskum stelpunum innilega til hamingju með árangurinn.

Við viljum þakka öllum þeim foreldrum sem hafa aðstoðað okkur við akstur á mót í vetur og einnig þeim foreldrum sem hafa aðstoðað okkur við undirbúning fyrir mót,s.s. við hárgreiðslu og annað.

Við viljum minna á fimleikasýninguna sem verður sumardaginn fyrsta í íþróttahúsinu á Flúðum kl 10:30.

Stefnt er á að láta kosta einhverja hundraðkalla inn sem fjáröflun til tækjakaupa en við erum að safna fyrir trampolíni og stökkborði þessa dagana.

Vonumst til að sjá sem flesta í sumarskapi.

Kveðja Stjórnin

Vorið, tími vonar og uppskeru!

“Í nótt hefur vorið verið á ferli” orti árnésingurinn Tómas

Guðmundsson forðum. Vorið er tími sáningar í von um góða uppskeru. Í jafn stórum og öflugum matvælaframleiðsluhreppi eins og Hrunamannahreppi er í vorinu fólgin eftirvænting og kraftur.

Það er líka þá sem skólarnir hleypa ungvíðinu út í vorið og tíundubekkingar taka næsta skref út í lífið. Skólinn er hornsteinn samfélagsins og miklu máli skiptir að vel til takist í þeirri sáningu sem þar fer fram. Skólahald hefur gengið vel í vetur hvort heldur talað er um leikskóla eða grunnskóla. Það er líka á vorin sem uppskeruhátíð kóranna er þar sem fólk sem lagt hefur á sig mikla vinnu allan veturinn heldur tónleika sér og öðrum til mikillar skemmtunar. Allt félags- og tómstundastarf skiptir einstaklingana miklu máli og þar er sama á hvaða aldri fólk er. Það er fróðlegt og um leið merkilegt að fylgjast með því hve blómlegt félagslífið er hér í hreppnum og hve fjölbreytilegt það er. Oft berum við saman búsetu og lífsgæði þeirra sem búa í borg og eða sveit. Víst er að þegnarnir á landsbyggðinni eru miklu ötulli þátttakendur í mannlífínu en borgarbúinn með fullri virðingu fyrir þeim. Þannig eru samfélögin uppbyggð. Mér hefur alltaf verið illa við að stilla borgarsamfélaginu sem andstæðing við dreifbýlissamfélagið. Engu að síður eru þetta ólík samfélög. Við eigum hins vegar að kappkosta að brúa þetta bil því víst er að við getum ekki án borgarbúanna verið og þeir ekki án okkar. Það er von mín að vorið verði okkur öllum gott og gjöfult. Gleðilegt sumar.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

Glæsilegur árangur ungra Hrunamanna!

Unglingabíkar HSK árið 2003 hlaut að þessu sinni Ungmennafélag Hrunamanna. Íþróttaiðkan hér í sveit er mjög almenn og nánast allir á grunnskólaaldri stunda einhverja íþróttagrein innan

félagsins. Við getum einnig verið mjög stolt af því að 4 flokkur pilta í Ungmennafélagi Hrunamanna náði þeim frábæra árangir að verða Íslandsmeistarar í sjö manna knattspyrnu. Geri aðrir betur! Um leið og unga fólkinu er óskað til hamingju með frábæran árangur er öllu því góða fólki sem kemur nærri barna- og unglíngastarfi þakkað. Nú er í undirbúningi að sauma íþróttagalla á unga og aldna með merki félagsins. Allar upplýsingar um þessi áform gefur Heimir málari.

Hvernig er staðan í riðumálunum?

Landbúnaðarnefnd Hrunamannahrepps, oddviti og sveitarstjóri fóru í byrjun apríl á fund landbúnaðarráðherra, aðstoðarmanns hans og yfirdýralækis til þess að lýsa yfir áhyggjum nefndarinnar á framgangi mála vegna riðu sem kom upp í hreppnum í haust. Þar kom fram að heimamönnum þykir allt of seint ganga að ljúka málum sem tengjast þessari vá. Þar má nefna uppgjör við bændur, hvernig fara skal með haug og timbur vegna hreinsunar fjárhúsa o.fl. Nú er loks komið bréf frá Umhverfisstofnun þar sem leyft er með ákveðnum skilyrðum að urða haug og timbur. Þetta verður að gera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og héraðsdýralækni, það þarf að hnitsetja urðunarstaði og hvatt er til þess að sameinast um urðunarstaði, þar sem því verður við komið. Það er alveg ljóst að það er ekki við bændur að sakast hvað hreinsun á fjárhúsum varðar, heldur hafa þeir ekki fengið leyfi til hreinsunar fyrr en nú.

Okkar maður á Morgunblaðinu!

Sigurður okkar Sigmundsson hefur verið duglegur að miðla fréttum úr hreppnum að undanfögnu. Það er gott að eiga fréttahauk í horni eins og hann. Myndirnar eru margar og mjög fallegar og er vert að þakka Sigurði fyrir þetta góða framtak hans og hvetja hann til dáða, það er jákvætt að birta fréttir og myndir héðan af svæðinu.

Hundar og mótorhjólamenn skapa hættu!

Mikið er kvartað undan lausum hundum hér á Flúðum. Þetta er svosem ekki alveg nýtt vandamál á staðnum en illþolanlegt. Það er alveg skýrt að hundar eru á ábyrgð eigenda sinna og þá ber að skrá á hreppsskrifstofu. Á dögnum fældi hundur hest sem varð til þess að knapinn datt af baki og meiddist og mjög litlu munaði skömmu

síðar er sami hundur fældi annan hest. Í því tilfalli var um mjög vanan hestamann var að ræða en ef t.d. hefði verið um börn að ræða hefði illa farið. Hér er um alvarleg mál að ræða sem hundaeigendur verða að kippa í liðinn ef illa fer geta þeir sem fyrir skaða verða gert kröfu til hundaeigandans. Á sama hátt kvarta hestamenn mjög undan mótörhjólamönnum á reiðvegum, sem skapa oft mikla hættu og reiðvegirnir eru jú einungis ætlaðir hestamönnum en ekki vélhjólaknöpum.

Myndarlegur fundur félags aldraðra.

Í lok mars var haldinn aðalfundur félags aldraðra í Hrunamannahreppi. Fundurinn var fjölsóttur og einstaklega vel skipulagður og var fundarstjórn til mikillar fyrirmyndar. Hreppsnefnd var send ályktun fundarins þar sem kemur fram að huga þarf að húsnæðismálum aldraðra í framtíðinni hér í hrepp. Guðmundi Sigurdórssyni voru þökkuð vel unnin störf en hann lét af störfum sem gjaldkeri félagsins að eigin ósk. Kosid var um nýjan gjaldkera og var mikil spennan í loftinu. Stungið var upp á hinum þaulreynda félagsmálamanni, Lofti Þorsteinssyni. Sveitarstjórinn, sem sat fundinn hvatti Loft til þess að flytja framboðsræðu. Loftur horfði fast á sveitarstjóran en glotti við tönn og sagði: “Það hefur ekki reynst öllum vel að flytja framboðsræðu”. Auðviðað var Loftur kosinn rússneskri kosningu.

Ella Jóna og Þórunn í sviðsljósinu!

Það eru margar valkyrjurnar hér í hreppnum okkar. Nú nýverið hafa birst athyglisverð viðtöl við þær stöllu Elínu Jónu í Tungufelli og Þórunni í Bryðjuholti. Vikan birti viðtal við Ellu Jónu þar sem m.a. var fjallað um hannyrðir og listmunagerð hennar og Bændablaðið birti viðtal við Þórunni sem er sífellt að búa til ný og fullkomnari forrit í tölvurnar okkar milli þess sem hún sinnir bústörfum á bændabýli sínu.

Sveitarstjórinn á þing.

Ísólfrur Gylfi mun fara inn á þing í hálfan mánuð frá 15. til 29. apríl n.k. Hann mun þó ekki gleyma skyldum sínum sem sveitarstjóri í hreppnum. Ef þörf krefur má ná í hann eða koma til hans skilaboðum í síma 563-0500 í Alþingi auk þess sem hann mun kappkosta að koma á skrifstofu hreppsins eftir því sem hann hefur möguleika á.

Margt að læra.

Það er margt að læra fyrir nýjan sveitarstjóra. Í gamla daga vann hann í Sigöldu undir stjórn Einars í Hólakoti sem er einn allra frægasti verkstjóri á virkjunarsvæðum landsins. Þess vegna kom það sveitarstjóranum á óvart þegar talað var um bóndann í Hólakoti hana Halldóru. Þetta minnir okkur karlana á, sem aldrei erum heima að til þess að geta sinnt störfum okkar er vissara að eiga hauka í horni heima.

Nýtt starfsfólk hjá Hrunamannahreppi.

Á dögunum var auglýst eftir nýjum starfsmönnum hjá Hrunamannahreppi. Annars vegar var um starf á skrifstofu að ræða þar sem um starf hjá Hitaveitu Flúða og almennt skrifstofustarf hjá hreppnum var um að ræða og hins vegar um hálf dagsstarf í áhaldahúsi. Mikið af góðum umsóknum bárust og er umsækjendum þakkaður áhuginn á störfunum. Á skrifstofu hefur verið ráðin Lilja Helgadóttir sem býr í Unnarholti og í áhaldahúsið var ráðinn Jóhann Marelsson. Þetta góða fólk er boðið velkomið til starfa hjá hreppnum. Ingibjörg Ragnarsdóttir hefur látið af störfum og Margrét Gunnarsdóttir hefur sagt upp starfi sínu hjá hitaveitunni og mun hætta í lok maí. Ingibjörgu og Margréti eru þökkuð störf í þágu hreppsins.

Unglingavinna í sumar?

Enn hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um það hvort unglíngavinna verði fyrir fólk á aldrinum 13 til 16 ára. (7.-8. og 9. bekk) Við viljum hins vegar gera könnun á því hve margir unglíngar hefðu áhuga á unglíngavinnu á vegum hreppsins. Á sama hátt þyrftum við að ráða umsjónarmann unglíngavinnu. Nú hvetjum við þá sem áhuga hafa á unglíngavinnu eða umsjón með henni að gefa sig fram við starfsmenn hreppsskrifstofu fyrir 1. maí n.k.

Framtíðarstarf og sumarvinna

Verslunin Strax á Flúðum óskar eftir að ráða starfsmann til vinnu. Um er að ræða 100% framtíðarstarf. Einnig eru laus til umsóknar sumarvinnustörf. Upplýsingar veitir verslunarstjóri á staðnum

2. kettlingar fást gefins
Vill einhver taka að sér fimm vikna kettlinga
af skógarkattaætt???
Upplýsingar í síma 821-2415

Árið 2004 7. apríl kl. 14.00 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar í fundarsal Ráðhússins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Unnar Gíslason, Þorsteinn Loftsson, Eiríkur Ágústsson og Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti sem setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri skráði fundargerð. Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir athugasemdum við fundarboðið. Engar athugasemdir voru gerðar því næst var gengið til dagskrár. Í upphafi fundar mætti Örn Einarsson til fundarins og fór yfir og útskýrði minnispunkta sem bárust hreppsnefnd fyrir síðasta fund nefndarinnar í mars. Þeir minnispunktar tengjast skipulags- og umhverfismálum og sölu á eignarlóðum. Hann benti á svæði sem betur mætti nýta til byggingar einbýlishúsa annarsvegar og byggingu sumarbústaða hins vegar og eru í eigu sveitarfélagsins. Þá kynnti Örn hugmyndir um ný tjaldstæði og gróðursetningu á því svæði. Hann ræddi um þjónustuhús á tjaldstæði o.fl. þessu tengt. Þá ræddi Örn um framtíð Heiðarvatns og skipulag þess svæðis. Hreppsnefnd mun koma þessum hugmyndum inn í þá skipulagsvinnu sem fram fer á vegum sveitarfélagsins um þessar mundir.

1. Skýrsla nefndar um framtíðarnotkun skólahúsnæðis. **Oddviti kynnti skýrsluna og fór yfir hana. Sérstakur starfshópur hefur gert tillögur um nýtingu húsnæðis í eigu hreppsins. Þær eru helstar þessar: a. Verknámsstofur (smíða-, hannyrða- og myndlystastofa) verði fluttar í fyrra húsnæði leikskólans í íþróttahúsi. b. Bókasafn verði**

flutt úr Félagsheimili á neðri hæð stjórnunarálmu (heimavistarálmu) skólans. c. Skólastjóraíbúð verði breytt í kennslurými fyrir raungreinar, tónmennt, sérkennslu og fundaraðstöðu. d. Að fyrirhuguð tengibygging milli skóla og íþróttahúss verði byggður og gert verði ráð fyrir að þar verði aðalinngangur skólans og fatahengi. e. Mötuneyti verði flutt út í Félagsheimilið. f. Núverandi húsnæði mötuneytis verði nýtt sem félagsaðstaða fyrir nemendur yngsta- og miðstig og skólasels. Með skýrslunni fylgdi rökstuðningur með þessum hugmyndum. Hreppsend lýsir ánægju sinni með faglega og velunna tillögu og vísar erindinu til fræðslunefndar og æskulýðs- og íþróttanefndar til umsagnar og í framhaldi af umsögn nefndanna verði tekin ákvörðun um framkvæmdir og röð þeirra.

2. 47. fundur Æskulýðs- og íþróttanefndar. **Oddviti kynnti fundargerðina og fór yfir hana. Þar er m.a. rætt var um opnunartíma sundlaugar og íþróttahúss og öryggismál í sundlaug. Einnig bent á nauðsynlegt viðhald í sundlaug og íþróttahúsi.**
3. Minnispunktar frá forvarnarhópi Hrunamannahrepps **Oddviti kynnti minnispunktana. Forvarnarhópurinn er áhugamannahópur og hefur lagt fram almennt forvarnarmarkmið.**
4. 2. fræðslunefndarfundur v/ leikskóla árið 2004. **Oddviti kynnti fundargerðina þar er m.a. komið inná starfsmannamál og réttindamál leikskólastjóra og bréf þar að lútandi, vinnuskipulag í skólanum o.fl.**
5. 2. fundur Fræðslunefndar Flúðaskóla 2004. **Oddviti kynnti fundargerðina. Þar er m.a. kynnt skýrsla skólastjóra, nýtingarmál skólahúsnæðis og flutning bókasafns, hönnun og breytinga á húsnæði. Fjárhagsáætlun og breytingu á henni skv. framkomnum tillögum.**

- Hreppsnefnd samþykkir þær breytingar samhljóða. Í fundargerðinni er fjallað um starfsmannamál og mat á skólastarfi. Hreppsnefnd og skólanefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur samþykkt að meta skólastarf þar í hrepp og telur fræðslunefnd og hreppsnefnd Hrunamannahrepps æskilegt að slíkt mat fari einnig fram í Flúðaskóla enda gott samstarf um sameiginlegt skólastarf milli hreppanna. Sveitarstjóra og formanni skólanefndar falið að vera í hóp sem gerði tillögu að fyrirkomulagi slíks mats í samstarfi við fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps.**
6. 24.fundur veitustjórnar frá 1. mars 2004. **Oddviti kynnti fundargerðina. Þar er m.a. fjallað um innheitumál, aðalfund Samorku, fund fulltrúa veitustjórnar með Orkustofnun.**
 7. 2. fundur Byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu frá 24.febrúar. **Oddviti kynnti fundargerðina. Þar eru samþykktar þrjár teikningar úr Hrunamannahreppi.**
 8. Skipulagsfulltrúi Uppsveita Árnessýslu 2. fundur skipulagsnefndar frá 9. mars 2004. **Oddviti kynnti fundargerðina. Þar er fjallað um starfslýsingar, gjaldskrá og verklagsferli. Skipulagsfulltrúi mun sjá um vörslu alla teikninga. Þar er einnig fjallað um reiðvegi o.m.fl. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.**
 9. SASS fundargerð 374. stjórnarfundar frá 5. mars. **Oddviti kynnti fundargerðina.**
 - 10.71. og 72. fundur Skólaskrifstofu Suðurlands. **Oddviti kynnti fundargerðirnar.**
 11. Erindi Árna Hjaltasonar v. skipulagsmála. **Oddviti kynnti erindið. Erindið er sent USU nefnd til umsagnar og því næst lagt fyrir vinnuhóp um aðalskipulagsmál Hrunamannahrepps.**
 12. Erindi frá Rangárbakka hestamiðstöð. **Oddviti kynnti erindið. Hreppsnefnd hefur áður samþykkt að taka þátt í verkefninu með**

- ákveðnum skilyrðum sem ekki hafa verið uppfyllt. Afgreiðslu erindisins frestað.**
13. Skipulagsfulltrúi – umsókn um iðnaðarlóð. **Oddviti kynnti erindið. Þar sækir Bjarni Sverrisson f.h. Br. Sverrissonar ehf. um lóðina við Smiðjustíg nr. 6a á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir úthlutunina.**
 14. Ályktun félags eldri Hrunamanna frá 27. mars s.l. **Oddviti kynnti ályktunina. Hreppsnefnd fagnar ályktuninni og mun tilnefna í starfshóp til þess að kanna þörf á þjónustuhúsnæði fyrir aldraða.**
 15. SASS afrit af bréfi frá Grímsnes og Grafningshrepps. **Oddviti kynnti bréfið. Ályktunin fjallar um aukna hlutdeild sveitarfélaganna til húsaleigubótum. Hreppsnefnd tekur heilshugar undir ályktunina.**
 16. Ferðaklúbburinn 4x4 vegna skemmda á vegi á Hrunamannaafretti. **Oddviti kynnti bréfið. Í bréfinu kemur fram að félaginu þykir miður að hafa valdið skemmdum á vegi á Hrunamannaafretti í ferð þeirra helgina 5.-7. mars s.l. Klúbburinn mun láta lagfæra þær skemmdir sem urðu á veginum.**
 17. Héraðssambandið Skarphéðinn tillögur frá 82. héraðsþingi. **Oddviti kynnti tillögurnar.**
 18. Vinnuálastofnun – bréf frá 15. mars 2004. **Oddviti kynnti bréfið. Þar er afgreiðslu frestað á erindi Hrunamannahrepps. Sveitarstjóra falið að halda málinu áfram.**
 19. Bréf Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps til Héraðsdýralæknis frá 14. mars 2004. **Oddviti kynnti bréfið þar sem mótmælt er notkun fjárbíls vegna flutnings á riðusmituðu fé.**
 20. SASS – minnisblað um Íþróttamiðstöð Íslands frá 9. mars 2004. **Oddviti kynnti minnisblaðið sem fjallar um Íþróttamiðstöð Íslands á Laugarvatni.**

21. Skiptagjörð vegna Reykjadal (kort á skrifstofu)
Oddviti kynnti skiptagjörðina og hreppsnefnd samþykkir skiptagjörðina.

22. Erindi til afgreiðslu:

a). tilnefning í 17. júní-nefnd **Halldóra Hjörleifsdóttir er fulltrúi hreppsins og tilnefndur er Guðjón Birgisson á Melum til næstu tveggja ára.**

b). styrkur til unglíngastarfs Hestamannafélagsins Smára. **Hreppsnefnd samþykkir að veita 100.000 styrk**

c). útnefning ruslamálaráðherra: **Örn Einarsson er útnefndur í embættið.**

Til kynningar:

711. stjórnarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarstjóri kynnti eftirfarandi mál.

- **Ráðningu tveggja nýrra starfsmanna þeirra Lilju Helgadóttur sem hefur hafið störf á skrifstofu í fullu starfi og Jóhanns Marelssonar sem ráðin hefur verið í 50% starf í Áhaldahúsi hreppsins.**
- **Ákveðið að auglýsa fastan opnunartíma skrifstofu frá kl 9.00 – 12.00 og frá kl.13.00 – 16.00.**
- **Eva Marín Hlynisdóttir mun sjá um tölvuskráningu á Bókasafni hreppsins.**

Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 17.30.

Keramikkastalinn ehf

er að opna nýtt fyrirtæki á Flúðum að Högnastíg 56
Mikill lager fylgdi. Verð með 20% afslátt af vörum
laugardag 17. apríl og sunnudag 18. apríl frá
kl 11:00-18:00

Verið hjartanlega velkomin að koma og skoða.

Sjón er sögu ríkari. Kveða

Keramikkastalinn

Keramikstytur-----penslar-----málning

Sá sem fékk lánaða fluguveiðistöngina
mína í fyrra, vinsamlegast skili henni
til mín sem allra fyrst
Guðjón Melum

***Karлакór Selfoss auglýsir
tónleika og ball***

***Karлакór Selfoss heldur sína árlegu
tónleika í Félagshemili
Hrunamanna laugardaginn 1. maí kl
21:00***

***Gestakór er Karлакór Keflavíkur.
Dansleikur að loknum tónleikum.
hljómsveitin Vírus.***

Karлакór Selfoss